



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda  
Ábm: Dýri Guðmundsson  
Formaður Ritnefndar FLE  
Desember 2000  
23. árgangur 3. tölublað

# FLE fréttir

## EFNI BLAÐSINS

Aðalfundur Norræna endurskoðenda-sambandsins.....	1
Af stjórnarborði .....	2
Til sölu á skrifstofu FLE .....	3
Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda .....	3
Stjórn og nefndir 2000-2001 .....	6
Frá menntunarnefnd.....	8
Er að komast regla á óregluna? .....	11
Viðhorfskönnun til verðleiðréttra reikningsskila á heimsíðu FLE .....	12
Skoðanakönnun FLE.....	12
Verðbólgu-reikningsskil .....	13
Hugleiðingar vegna verðbólgu-reikningsskila.....	14
Verðleiðréttt reikningsskil .....	15
Kaupréttarsamningar .....	16
Til hamingju með afmælið.....	17
Hvar eru félagar í FLE? .....	18
Athyglisverð niðurstaða Yfirskattanefndar um tímamörk.....	19
Málþing .....	20
Fráteknar dagsetningar .....	20
Áhugaverðar heimasíður.....	20



Aðalfundur NRF haldinn í Reykjavík 24.-27. ágúst 2000, heimsókn að Bessastöðum Pekka Luoma CGR-Finnland, Ingvar Pramhall FAR-Svíþjóð, Tom Myhre DnR-Noregur, Simon Á. Gunnarsson FLE-Ísland, Árni Tómasson formaður NRF, Bent Hansen FSR-Danmörk og forseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.

## Aðalfundur Norræna endurskoðenda-sambandsins

Aðalfundur NRF, Norræna endurskoðenda-sambandsins var haldinn í Reykjavík dagana 24. til 27. ágúst síðastliðinn. Fundir þessir eru haldnir til skiptis á Norðurlöndunum og kemur það því í hlut FLE að sjá um fundarhöldin á fimm ára fresti. Í tvö síðustu skiptin, árið 1990 og 1995, voru fundarhöldin í Stykkishólmi og á Höfn í Hornarfirði, þannig að tilhlýðilegt þótti að halda fundinn núna í Reykjavík. Ekki skemmdi þar fyrir að Reykjavík er Menningarborg Evrópu þetta árið og því margt í boði á menningarsviðinu. Ársfundi NRF sitja formenn, varaformenn og framkvæmdastjórar félaga löggiltra endurskoðenda á Norðurlöndunum og er hefð fyrir því að makar sækja einnig fundina.

Erlendu gestirnir sem samtals voru 26 talsins komu til landsins á fimmtudeginum, 24. ágúst. Var þeim ekið beint af flugvælinum í Bláa lónið, þar sem allur hópurinn fór í lónið og vakti það mikla hrifningu gestanna. Eftir baðið var gestunum ekið á Radisson SAS - Hótel Sögu, þar sem þeir gistu á meðan dvöl þeirra stóð. Fljótlega var hóprum ekið að

Perlunni, þar sem FLE bauð til kvöldverðar. Vakti Perlan mikla hrifningu gestanna enda þótt veðrið hefði mátt vera betra, þannig að útsýni var ekki eins og best verður á kosið.

Á föstudeginum var hinn eiginlegi ársfundur haldinn undir styrki stjórn Árna Tómassonar, formanns NRF. Á sama tíma var mökum boðið til kynnisferðar um Reykjavík, með heimsóknum í listasöfn og aðra markverða staði borgarinnar. Á fundinum koma til umræðu ýmis mál sem snerta starfsemi félaga löggiltra endurskoðenda annars vegar og skráðra endurskoðenda hins vegar á hinum Norðurlöndunum. Norðmenn hafa sameinað þessi samtök í eitt félag. Svíar hafa hafið undirbúning að slíkum samruna en Danir sjá ekki fyrir sér sameiningu samtakanna tveggja. Finnarnir fylgjast með framvinduinni annars staðar, en nýlega hefur það gerst að samtök skráðra endurskoðenda þar í landi hafa sótt



um sjálfstæða aðild að FEE, Evrópusambandi endurskoðenda.

Sérstakur gestur fundarins var Peter Johnston, framkvæmdastjóri IFAC og kynnti hann fyrir fundarmönnum þær skipulagsbreytingar sem staðið hafa yfir á starfsemi IFAC og IASC, aðdraganda þeirra og hugsanlegar afleiðingar. Auk framangreinds var rætt um þátttöku Norðurlandanna í hinu alþjóðlega samstarfi, en löng hefð er fyrir samstarfi þjóðanna í þeim efnum. Nýlega hafa Finnar óskað eftir virkari þátttöku í nefndarstarfi IFAC og IASC og má segja að sú þátttaka hafi verið staðfest hér í Reykjavík með breyttum reglum um skiptingu á kostnaði vegna þessa alþjóðlega starfs. Sú breyting hefur ekki áhrif á kostnað FLE af starfinu þar sem okkar hluti, sem er 3% af heildarkostnaðinum, breytist ekki.

Eftir fundarhöld dagsins var haldið að Bessastöðum þar sem Forseti Íslands tók á móti hópnum. Eftir móttökuávarp forsetans var gestunum boðið að skoða húsakynnin að Bessastöðum. Vakti þessi heimsókn mikla athygli og ánægju erlendu gestanna. Kom m.a. í ljós að einn norsku gestanna hafði heimsótt Bessastaði sem ungur drengur á árinu 1967 og gróf Ólafur Ragnar upp gestabók þar sem sá norskri hafði skrifað nafn sitt í þeirri heimsókn. Fyrir brottför þakkaði Árni Tómasson móttökurnar fyrir hönd hópsins. Um kvöldið var síðan hátíðarkvöldverður í Þingholti.

Laugardaginn 26. ágúst var hópnum síðan boðið í skoðunarferð um Suðurland í ágætis veðri. Ekið var að Kerinu, komið við í Aratungu og í Skálholti áður en farið var að Geysi þar sem snæddur var hádegismatur. Síðan var Gullfoss skoðaður og farið um Lyngdalsheiði að Þingvöllum, en í leiðinni var að við Laugarvatnshella. Kvöldverður var síðan snæddur að Vallá á Kjalamesi og lauk þar með formlegri dagskrá ársfundarins.

Á sunnudeginum var erlendu gestunum gefinn kostur á ferð á Langjökul og nýtti um helmingur hópsins sér það. Þann daginn léku veðurguðirnir okkur nokkuð grátt en á jöklinum var slydda og kuldi. Var ekki laust við að færi um suma okkar erlendu gesta þegar vart sást á milli vélsleðanna uppi á jöklinum.

Í heild tel ég að framkvæmd aðalfundarins hafi tekist mjög vel og voru gestirnir mjög ánægðir með heimsóknina og þá dagskrá sem í boði var.

*Simon Á. Gunnarsson  
Formaður FLE*

# Af stjórnarborði



*Simon Á.  
Gunnarsson  
Formaður FLE.*

## Ráðstefna FLE

Óhætt er að segja að ráðstefna FLE í nóvember hafi vakið mikla athygli fjölmiðla og annarra. Ákveðið var að hafa fyrri hluta ráðstefnunnar opinn fyrir almenning og auglýsa þann hluta sérstaklega í blöðum. Árangurinn varð sá að um 70 utanfélagsmenn sóttu ráðstefnuna á föstudeginum. Var sú aðsókn vonum framar og sýnir að félagið getur nýtt sér ráðstefnuhaldið til að vekja athygli og jafnframt gert það að tekjulind ef vel er að málum staðið.

Með aðstoð fagfólks tókst að vekja áhuga fjölmiðla á efni ráðstefnunnar og óhætt er að fullyrða að aldrei hefur ráðstefna á vegum félagsins fengið jafnmikla umfjöllun í fjölmiðlum, bæði dagana fyrir og í kjölfar ráðstefnunnar. Kemur þar bæði til áhugavert efni sem tekið var fyrir, þeir fyrirlesarar sem völdust til verksins og ekki síst sá boðskapur sem sumir þeirra fluttu ráðstefnugestum. Hefur umfjöllun um sumt af því sem fram kom í erindunum teygt sig allt fram á þennan dag.

Ekki má þó gleyma því sem ég tel vera mikilvægasta þáttinn í því að vel tókst til, en það er þátttaka félagsmanna sjálfra. Ég fullyrði að fá samtök geta státað af því að halda slíka fundi með þátttöku um 70% félagsmanna, en samtals tóku yfir 180 löggiltir endurskoðendur þátt í ráðstefnunni. Auðvitað hafa hér punktar vegna endurmenntunar einhver áhrif, en fyrst og fremst tel ég þessa aðsókn sýna að félagsmenn styðja heilshugar það starf sem unnið er í félaginu. Ég vil nota tækifærið og þakka félagsmönnum góða þátttöku og einnig vil ég þakka menntunarnefnd félagsins frábært starf við undirbúning ráðstefnunnar.

## Samstarf við FVH

Á stjórnarfundum 21. nóvember síðastliðinn var samþykkt að ganga til samstarfs við Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH) um málþing. Hugmyndin er unnin af nokkrum nýútskrifuðum endurskoðendum og viðskiptafræðingum í framhaldi af hugmyndum um myndun umræðuhóps um endurskoðun innan FVH. Stefnt er að því að halda málþing um fagleg málefni sem snerta viðskiptalífíð á breiðum grunni. Málefni gætu fallið undir endurskoðun, reikningsskil, fjármál eða skattamál. Markhóparnir eru endurskoðendur, viðskiptafræðingar, nemandi í viðskiptafræðum og aðrir þeir sem tengjast því málefni sem til umræðu er hverju sinni.

Stefnt er að því að halda þrjú málþing fram á vorið og verða þau í umsjá þriggja stærstu endurskoðunarfyrtækjanna. Gert er ráð fyrir 60 til 70 þátttakendum á hverju málþingi og verður fjöldinn takmarkaður við þá tölu. Ef aðsókn verður meiri verða málþingin endurtekin. Áætlað er að tveir til fjórir fyrirlesarar haldi framsögu sem samtals taki um klukkustund, en síðan verði þátttakendum skipt í nokkra umræðuhópa sem ræða málefni í aðra klukkustund. Málþing þessi verða auglýst á vegum FLE og FVH og munu félögin sjá um skráningu, en endurskoðunarfyrtækini halda að öðru leyti utan um framkvæmdina. Stjórnin væntir þess að nýbreytni þessi mælist vel fyrir og fagnar samstarfi félaganna um fagleg málefni.

## Verðbólguþróun

Í framhaldi af umræðu á ráðstefnu og aðalfundi FLE í nóvember ákvað stjórn félagsins að skipa vinnuhóp fimm manna til að fara ofan í kjöllinn á því hvort tímabært sé að gera tillögur um breytingar á verðbólguleiðréttingum í reikningsskilum hér á landi. Vænti ég þess að skipan hópsins verði lokið þegar þetta birtist á prenti. Hugmynd stjórnar er að hópurinn skoði bæði þetta mál bæði frá sjónarhorni reikningsskila annars vegar og skattamála hins vegar. Éf



niðurstaðan verður sú að félagið geri tillögu um að verðbólguleiðréttingum verði hætt í íslenskum reikningssskilum er mikilvægt að skattalögum verði einnig breytt. Ástæðan er sú að mikill meirihluti reikningsskila rekstraraðila hér á landi er settur fram eftir aðferðum skattalaga. Ef stærri fyrirtæki hætta verðbólguleiðréttingum í sínum reikningssskilum en smærri fyrirtæki settu sín reikningssskil fram eftir óbreyttum skattalögum, væri komið ósamræmi í ársreikningagerðinni sem væri afar slæmt fyrir viðskiptalífið og okkur sem stétt fagmanna. Til dæmis má velja því fyrir sér hvort við gætum sett fram í áritun þá skoðun að ársreikningar gefi glögga mynd, hvort sem þeir innihalda verðbólguleiðréttingar eða ekki.

Þess er vænst að vinna hópsins taki ekki mjög langan tíma, þannig að niðurstaða fáiast fyrir vorið. Árshlutareikningar á árinu 2001 gætu þá væntanlega tekið tillit til tillagna hópsins eftir því sem tilefni gefst til.

*Simon Á. Gunnarsson  
Formaður FLE*

# Aðalfundur Félags lög- giltra endurskoðenda

Aðalfundur Félags lög- og eftirlittra endurskoðenda var haldinn á Hótel Loftleiðum, laugardaginn 11. nóvember 2000. Á fundinum var fjallað um fagleg málefni félagsins auk þess sem fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf.

## Þetta gerðist:

### 1. Kosning fundarstjóra.

Símon Á. Gunnarsson, formaður félagsins setti fundinn. Gerði hann tillögu um að Björg Sigurðardóttir stýrði fundinum og var tillaga hans samþykkt. Fundarstjóri tilnefndi fundarritara, Helenu Hilmarsdóttur ritara stjórnar félagsins. Fundarstjóri rannsakaði hvort löglega hefði verið boðað til fundarins og lýsti síðan fundinn lög- mætan.

## Tekin voru til afgreiðslu fagleg málefni.

### Endurskoðunarnefnd – Kynning á bæklingi um störf og ábyrgð endurskoðandans.

Lárus Finnbogason kynnti nýjan bækling um störf endurskoðenda, sem Endurskoðunarnefnd hefur unnið að undanfarin tvö ár. Lýsti hann því að gerð bæklingins hefði reynst afar umfangsmikil vinna en bæklingurinn væri kominn í loka- hönnun og yrði prentaður á næstu vikum. Einnig rakti hann efni og efnistöð bæklingins, sem ætlaður er þeim sem hafa nokkra þekkingu á störfum endurskoðenda frekar en þeim sem eru þeim alveg ókunnugir.

### Gæðanefnd – Kynning á niðurstöðum gæðaeftirlits.

Sveinn Jónsson kynnti niðurstöður gæðaeftirlits. Hann rífaði upp að á aðalfundi sl. árs hefðu verið samþykktar reglur félagsins um gæðaeftirlit og leiðbeiningar um gæðastjórnun. Hann rakti efni reglnanna og gerði grein fyrir því að

nefndin hefði samið spurningalista með 46 spurningum til endurskoðenda skráðra félaga á Verðbréfaþingi Íslands og annarra þeirra sem kysu að svara. Spurningalistinn var lagður fram á fundinum. Endurskoðendum skráðra félaga var skylt að svara og reyndust það vera átta endurskoðunarstofur. Vegna þess hve viðkvæmar upplýsingar nefndin hefur til umfjöllunar var niðurstaða hennar sú að birta ekki svör við öllum spurningunum en kaus að yfirfara svör við 17 spurninganna og telur að með því fáiast "glögg mynd" af niðurstöðunum. Sveinn greindi einnig frá því að nefndin hefði átt samtöl við alla þá endurskoðendur sem skylt var að svara könnuninni og voru það ánægjuleg og árangursrík samskipti. Almenn niðurstaða nefndarinnar er sú að stærri stofurnar sem eiga sér bak- hjarl í erlendu samstarfi séu almennt lengra komnar en minni stofurnar, en skilningur hafi verið á því meðal allra aðila að sömu kröfur yrði að gera til allra endurskoðenda.

Svohljóðandi tillaga Gæðanefndar um frekari störf nefndarinnar var lögð fram:

Með vísan til 6. gr. reglna um gæðaeftirlit FLE, og að höfðu samráði við stjórn FLE, setur gæðanefnd fram eftirfarandi tillögu um verkefni gæðanefndar á komandi starfsári:

- Fyrsta verk gæðanefndar á nýju starfsári verði að afla upplýsinga frá öðrum Norðurlöndum um þróun gæðastjórnunar og gæðaeftirlits hjá minni endurskoðunarfyrirækjum í þessum löndum.
- Að fengnum þessum upplýsingum ræði nefndin við fulltrúa nokkurra af minni endurskoðunar- fyrirtækjunum innan FLE til frekari kynningar á þeim gæðakröfum sem uppfylla þarf og þeim leiðum framþróunar í þessu efni sem helst virðast koma til greina fyrir minni fyrirtæki. Nefndin kanni viðhorf og hugmyndir á þessu sviði innan minni fyrirtækjanna og afli upplýsinga um umfang endurskoðunarinnu hjá þeim.

## Til sölu á skrifstofu FLE

Handbók endurskoðenda. Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280,-

Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-

IASC International Accounting Standards 2000. Verð kr. 7.458,-

Applying International Accounting Standards. Höf. David Cairns. Verð kr. 11.193,-



- Á aðalfundi 2001 leggi nefndin fram niðurstöður þessara viðræðna og athugana ásamt tillögum um næstu skref í gæðaeftirlitinu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## Starfshópur um menntun endurskoðenda – Drög að næstum skrefum.

Símon Á. Gunnarsson fjallaði um störf starfshóps um menntun endurskoðenda. Símon rifjaði upp að á aðalfundi sl. árs hefði verið fjallað um störf nefndarinnar, en nú er lögð fram lokaskýrsla nefndarinnar. Hann greindi frá aðdraganda þess að til nefndarinnar var stofnað sem meðal annars var breytt skipan menntunar viðskiptafræðinga hjá Háskóla Íslands. Einnig fjallaði nefndin um löggildingarferlið sjálf. Meginefni tillagna nefndarinnar er að lágmarkskröfur um menntun endurskoðenda verði meistarapróf í viðskiptafræði og sérstök löggildingarpróf sem leyfilegt verði að þreyta þó þriggja ára þjálfunarferli sé ekki lokið, enda hafi verið gerður þjálfunarsamningur.

## Menntunarnefnd – Skil á endurmenntunareiningum og hvað telst til endurmenntunar.

Margret Flóvenz kynnti efni reglugerðar um endurmenntun endurskoðenda og að á árinu 1999 hefðu endurskoðendur í fyrsta sinn þurft að skila til félagsins einingum um endurmenntun. Hún greindi frá því að menntunarnefndin þurfti að taka afstöðu til þess hvernig skyldi túlka reglugerðina og að niðurstaðan hefði verið sú að túlka hana frekar rúmt, enda væru störf endurskoðenda mjög breytileg og því margs konar endurmenntun sem getur nýst þeim í störfum sínum. Margrét rakti hvernig skil hafa verið en 78% skilaskyldra hafa þegar skilað og eru um 80% þeirra með 30-90 einingar á fyrsta ári.

## 2. Skýrsla stjórnar

Símon Á. Gunnarsson, formaður félagsins gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári. Hann rifjaði upp skipan núverandi stjórnar sem skipuð er honum sjálfum sem formanni, Guðmundi Snorrasyni varaformanni, Eyvindi Albertssyni gjaldkera, Helenu Hilmarsdóttur og

Hjalta Schiöth. Símon tæpti á hlutverki Siðanefndar og þeirri nýbreytni að heiðra félagsmenns sem ættu 50 ára löggildingarafmæli. Hann benti á að eitt tölublað FLE fréttu hefði verið lagt undir efni til að bæta ímynd endurskoðenda, sem mikið hefur verið til umfjöllunar á undanförunum misserum. Blaðinu var dreift í alla framhaldsskóla og víðar. Breytt var skipan í ávöxtun fjármuna félagsins með það fyrir augum að ná betri árangri á því sviði. Hefðbundin samskipti áttu sér stað við skattfyrirvöld, en áhugi er á að festa í sessi fyrirkomulag sem jafnar álag í störfum endurskoðenda og skattfyrivalda. Skoðana-könnun var gerð um nafn félagsins og var niðurstaðan sú að nafnið skyldi standa óbreytt þrátt fyrir breytt lög um endurskoðendur, í framhaldi af því var ákveðið að leggja til hliðar hugmyndir um breytt merki félagsins.

Fundur norræna endurskoðendasambandsins var haldinn hér á landi á árinu og núverandi formaður þess er Árni Tómasson.

Formaður vakti athygli á starfi fastanefnda félagsins, en í ársskýrslunni má sjá að fundir nefndanna hefðu verið allt að 32 á árinu. Hann telur að nauðsynlegt sé fyrir nýja stjórn að velja fyrir sér framtíð þessa starfs og hvort hugsanlegt væri að ráða starfsmann til þess að sinna einhverju af þessu starfi. Félagið er núna með einn starfsmann í 60% starfi. Hann vakti líka máls á lítilli nýliðun í starfinu og samþjöppun í greininni. Um 57% starfandi endurskoðenda vinna hjá þremur stærstu stofnunum og 17% eru svo kallaðir einyrkjar. Af 249 félagsmönnum starfa 65 við annað eða eru hættir störfum.

Að lokum minnst formaður látins félagsmanns og fyrrverandi formanns Bergs Tómassonar sem lést á árinu.

## 3. Lagður fram ársreikningur félagsins til afgangi

Eyvindur Albertsson, gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins.

Erna Bryndís Halldórsdóttir kvaddi sér hljóðs og fagnaði þeirri ákvörðun að breyta ekki nafni félagsins, hún taldi rétt að nefna löggildinguna í nafni félagsins. Hún taldi að vekja þyrfti áhuga á starfinu og

laða fleiri að með breyttu starfsumhverfi og möguleikum á sveigjanlegri vinnutíma.

Ársreikningur félagsins var samþykktur samhljóða.

## 4. Skýrslur fastanefnda

### Álitsnefnd:

Símon Á. Gunnarsson kynnti starf Álitsnefndar og vísaði til ársskýrslunnar í því sambandi.

### Endurskoðunarnefnd:

Guðríður Kristófersdóttir kynnti starf Endurskoðunarnefndar. Nefndin hélt 32 fundi á árinu og snerist nær allt starf hennar um endurskoðunarþæklinginn. Fulltrúar nefndarinnar sóttu árlegan fund norrænu endurskoðunarnefndarinnar. Guðríður lagði fram hugmynd um að félagið réði til sín starfsmann sem gæti unnið að ýmsum málefnum á vegum félagsins til stuðnings fastanefndunum.

### Reikningsskilanefnd:

Sæmundur Valdimarsson kynnti verkefni nefndarinnar, sem fólust í áliti um færslu arðsúthlutunar og umsögn um drög að reglum Reikningsskilaráðs um óreglulega liði.

### Menntunarnefnd:

Ómar Björnsson kynnti störf menntunarnefndar sem fólust í að undirbúa þær ráðstefnur sem félagið hefur haldið á árinu. Þær voru haustráðstefnur nú og fyrir ári, námskeið um tekjuskattskuldbindingu, skattadagur og endurskoðendadagur.

### Ritnefnd:

Ágúst Jóhannesson kynnti störf ritnefndar og vísaði til ársskýrslunnar. Meginþættir í starfi nefndarinnar hafa verið útgáfa FLE -fréttu, þar á meðal kynningarblaðið sem dreift var í framhaldsskólum, og gerð heimasíðu félagsins. Fyrirhugað er að næsta tölublað FLE -fréttu verði helgað umfjöllun um verðbólguþróunir.

### Skattanefnd:

Valdimar Guðnason kynnti störf nefndarinnar. Fjallað var um frumvarp til laga um leiðir fyrir samvinnufélög til að breytast í hlutafélög. Nefndarmaður, Árni Tómasson, fjallaði um skatta-



lagabreytingar á skattadegi. Nefndin hefur tekið þátt í þeim samskiptum sem átt hafa sér stað við skattyfirvöld um nauðsynlegar lagabreytingar vegna breyttra framtalsskila og álagningar.

### Gæðanefnd:

Halldór Arason vísaði til umfjöllunar Sveins Jónssonar um störf Gæðanefndar og lagði til að Sveinn yrði ráðinn til starfa fyrir félagið.

### 5. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.

Engar tillögur hafa borist.

### 6. Kosning formanns.

Tillaga uppstillingarnefndar um að Símon Á. Gunnarsson yrði endurkjörinn sem formaður félagsins var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 7. Kosning varaformanns.

Tillaga uppstillingarnefndar um að Guðmundar Snorrasonar yrði endurkjörinn sem varaformaður var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 8. Kosning meðstjórnenda.

Tillaga uppstillingarnefndar um Halldór Arason og Guðmund R. Óskarsson til tveggja ára var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 9. Kosning endurskoðanda og varaendurskoðanda.

Tillaga uppstillingarnefndar um Einar H. Einarsson sem endurskoðanda og Guðmund Jóelsson sem varaendurskoðanda var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 10. Kosning tveggja aðalmanna og varamanns í Álitsnefnd samkvæmt 12. gr. félagssamþykktu.

Tillaga uppstillingarnefndar um Árna Tómasson og Ólaf B. Kristinsson sem aðalmenn og Guð-

mund Óskarsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 11. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Endurskoðunarnefnd.

Tillaga uppstillingarnefndar um Hildi Árnadóttur til þriggja ára og Jón Arnar Baldurs sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 12. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Reikningsskilanefnd.

Tillaga uppstillingarnefndar um Vigni Rafn Gíslason til þriggja ára og Jón S. Helgason sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 13. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Menntunefnd.

Tillaga uppstillingarnefndar um Pál Grétar Steingrímsson til þriggja ára og Gerði Guðjónsdóttur sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 14. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Ritnefnd.

Tillaga uppstillingarnefndar um Ágúst Jóhannesson til þriggja ára og Sigurð M. Jónsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 15. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Skattanefnd.

Einn nefndarmaður, Árni Tómasson, hefur óskað lausnar vegna setu í Álitsnefnd og þurfti því að kjósa einn mann til eins árs til viðbótar hefðbundinni kosningu. Tillaga uppstillingarnefndar um Þorstein Haraldsson til eins árs, Aðalstein Hákonarson til þriggja ára og Gunnlaug Kristinsson sem vara-

mann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 16. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Gæðanefnd.

Tillaga uppstillingarnefndar um Hjördísi Ásberg til þriggja ára og Ásbjörn Björnsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

### 17. Tillaga stjórnar um ársstilling félagsmanna næsta reikningsár.

Gjaldkeri félagsins, Eyundur Albertsson, gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnarinnar: Stjórn félagsins gerir tillögu um að ársstilling félagsmanna verði 48.000 kr. á starfsárinu 1. september 2000 til 31. ágúst 2001. Skýrði hann framlagða rekstraráætlun næsta árs sem miðast við tillöguna um ársstilling.

Ársstilling að fjárhæð kr. 48.000 var samþykkt einróma.

### 18. Önnur mál.

Árni Tómasson kvaddi sér hljóðs og lagði til að sett yrðu ströng tímamörk um það hvenær félagið tæki afstöðu til niðurfellingar verðbólgu-reikningsskila. Taldi hann að félagsmenn ættu erfitt með að standa gegn niðurfellingunni ef forsvarsmenn fyrirtækja krefðust hennar.

Erna Bryndís Halldórsdóttir kvaðst styðja tillögu Árna og benti á að ekki væri nauðsynlegt samkvæmt ársreikningalögum að reikna verðbreytingafærslu né endurmeta eignir.

Hún benti á að stéttin hefði ekki efni á því að mennta starfsfólk fyrir atvinnulífið og þyrfti því að gera nauðsynlegar breytingar til þess að haldi því fólki í starfi sem fengið hefði þjálfun til endurskoðunarstarfa, ekki síst konum sem margar hefðu farið til annarra starfa.

Símon Á. Gunnarsson þakkaði það traust sem honum er sýnt til þess að gegna starfi formanns, hann tók einnig undir tillögur Árna Tómassonar og benti á að félagið hefði þegar hafið undirbúning að tillögugerð um verðbólgu-reikningsskil.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.

*Helena Hilmarsdóttir, fundarritari*





# Stjórn og nefndir 2000-2001

## Félagsstjórn

Símon Á. Gunnarsson, formaður  
Guðmundur Snorrason, varaformaður  
Hjalti Schiöth, gjaldkeri  
Halldór Arason, ritari  
Guðmundur R. Óskarsson, meðstjórnandi

## Álitsnefnd

Símon Á. Gunnarsson, formaður  
Guðmundur Snorrason  
Þorvarður Gunnarsson  
Ólafur B. Kristinsson  
Árni Tómasson  
Guðmundur Óskarsson, varamaður

## Endurskoðendur

Einar H. Einarsson, endurskoðandi  
Guðmundur Jóelsson, varaendurskoðandi

## Menntunarnefnd

Ómar H. Björnsson, formaður  
Margret G. Flóvenz  
Páll Grétar Steingrímsson  
Gerður Guðjónsdóttir, varamaður



*Félagsstjórn, frá vinstri: Guðmundur Snorrason, Guðmundur R. Óskarsson, Símon Á. Gunnarsson, Hjalti Schiöth, Halldór Arason. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.*



*Endurskoðunarnefnd, frá vinstri: Sveinn Arason, Jón Arnar Baldurs, Hildur Árnadóttir, Lárus Finnbogason. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.*



*Menntunarnefnd, frá vinstri: Margret G. Flóvenz, Gerður Guðjónsdóttir, Páll Grétar Steingrímsson, Ómar H. Björnsson. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.*



*Reikningsskilanefnd, frá vinstri: Kristín S. Konráðsdóttir, Vignir Rafn Gíslason, Jóhann Unnsteinsson, Jón Sigurður Helgason. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.*

### Endurskoðunarnefnd

Lárus Finnbogason, formaður  
Sveinn Arason  
Hildur Árnadóttir  
Jón Arnar Baldurs, varamaður

### Reikningsskilanefnd

Jóhann Unnsteinsson, formaður  
Kristín Konráðsdóttir  
Vignir Rafn Gíslason  
Jón S. Helgason, varamaður

### Skattanefnd

Þorsteinn Haraldsson, formaður  
Einar H. Einarsson  
Aðalsteinn Hákonarson  
Gunnlaugur Kristinsson, varamaður

### Ritnefnd

Dýri Guðmundsson, formaður  
Stefán D. Franklín  
Ágúst Jóhannesson  
Sigurður M. Jónsson, varamaður

### Gæðanefnd

Halldór Arason, formaður  
Davið Einarsson  
Hjördís Ásberg  
Ásbjörn Björnsson, varamaður

### Uppstillingarnefnd

Guðmundur Snorrason  
Sigurður P. Sigurðsson  
Sigurbór Ch. Guðmundsson



*Skattanefnd, frá vinstri: Gunnlaugur Kristinsson, Einar H. Einarsson, Þorsteinn Haraldsson, Aðalsteinn Hákonarson. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.*

### Orðanefnd

Sigurður P. Sigurðsson  
Helga Harðardóttir  
Sigurbór Ch. Guðmundsson  
Símon Á. Gunnarsson  
Stefán Svavarsson

### Siðanefnd

Helena Hilmarsdóttir,  
formaður og fulltrúi stjórnar FLE  
Jóhann Unnsteinsson,  
fulltrúi Reikningskilanefndar  
Hildur Árnadóttir,  
fulltrúi Endurskoðunarnefndar



*Ritnefnd, frá vinstri: Sigurður M. Jónsson, Dýri Guðmundsson, Ágúst Jóhannesson, Stefán D. Franklín. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.*



*Gæðanefnd, frá vinstri: Halldór Arason, Ásbjörn Björnsson, Davið Einarsson, Hjördís Ásberg. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.*



# Frá menntunarnefnd

Senn líður að jólum og starfsemi félagsins í fullum gangi. Menntunarnefnd hefur í haust unnið við undirbúning haustráðstefnunnar og nú er framundan vinna við aðra árlega viðburði svo sem skattadag og endurskoðendadag. Þá er undirbúningur utanferðar félagsmanna á haustmánuðum 2001 kominn á skrið.

## Haustráðstefna

Árleg haustráðstefna félagsins var haldin dagana 10. og 11. nóvember og þótti heppnast með ágætum. Sú nýbreytni var tekin upp að fyrri hluti ráðstefnunnar var opinn öllum og mæltist það vel fyrir. Aðsókn var mjög góð og voru ráðstefnugestir alls um 240 fyrri daginn. Í kjölfar ráðstefnunnar skapaðist nokkur umræða í þjóðfélaginu sérstaklega í framhaldi af fyrirlestri Yngva Arnar Kristinssonar um áhrif fjármálamarkaðarins á hagkerfið. Hér á eftir verður stiklað á stóru í erindum þeim sem flutt voru á fyrri hluta ráðstefnunnar. Ekki er svo að skilja að erindi síðari hlutans hafi staðið þeim fyrri að baki, hins vegar hlaut þessi opni hluti ráðstefnunnar talsverða athygli og því talið rétt að rifja upp hvað þar var fjallað um.



Frá haustráðstefnunni. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.

## Innherjaviðskipti

Í upphafi ráðstefnunnar var fjallað um innherjaviðskipti, hvaða reglur gildi í því sambandi bæði skrásettar og síðferðilegar.

Sigurður Einarsson forstjóri Kaupþings lagði í máli sínu áherslu á að orðið innherjaviðskipti hefði í hugum fólks fengið á sig neikvæða merkingu. Þau væru hins vegar eðlileg og af hinu góða en innherjasvik væru á hinn bóginn ólögleg. Hann taldi að innherjaviðskipti með skráð bréf væru ekki meiri hér á landi en annars staðar og að ekki hefði verið sýnt fram á að innherjasvik einkenndu íslenska hlutabréfamarkaðinn eins og haldið hafi verið fram. Þá lagði hann áherslu á að Fjármálaeftirlitið þyrfti að stuðla að því að settur yrði lagarammi sem væri hvetjandi en ekki letjandi.

Árni Tómasson endurskoðandi fjallaði í sínu erindi um þann ramma laga og reglna sem um innherjaviðskipti gildir, hvernig innherjar væru skilgreindir og hvað teldust trúnaðarupplýsingar. Hann benti á að megintilgangur laga og

reglna á þessu sviði væri að verðmyndun á skráðum verðbréfum verði sem eðlilegust og að allir hafi sem jafnastar upplýsingar og möguleika til að mynda sér skoðun á fjárfestingakostum. Hann lagði áherslu á að menn yrðu að hafa frelsi til að geta stundað viðskipti og taka áhættu. Hins vegar benti hann á, að sá sem væri gerandi í viðskiptum eða þátttakandi sem ráðgjafi væri í ólíkri stöðu samanborið við þann sem stendur utan við og að viðskipti í eigin reikning væru ávallt mun vandmeðfarnari en viðskipti fyrir aðra. Í þessu sambandi sagði Árni að starfaaðgreining og afmörkun starfs sviða innan fjármálafyrirtækja yrði að vera raunveruleg m.t.t. staðsetningar og aðgangs að innanhúsupplýsingum. Loks lagði hann áherslu á að reglur verði að vera skýrari en þær væru í dag um hvað þeim, sem stunda verðbréfavíðskipti væri heimilt og hvað ekki.

Síðasti fyrirlesarinn undir þessum dagskrárlíð var Páll Gunnar Pálsson forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Páll

fjallaði í sínu erindi um þær formlegu reglur sem í gildi eru og væntanlegar breytingar á þeim. Í frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi eru innherjar betur skilgreindir en áður og sú breyting gerð að reglurnar ná nú aðeins til skráðra verðbréfa. Þá fær Fjármálaeftirlitið aukið hlutverk og er m.a. ætlað að halda skrá yfir innherja og birta upplýsingar um fruminnherja. Loks sagði Páll að áherslur Fjármálaeftirlitsins væru að framfylgja lögum og reglum, auka virkt aðhald á verðbréfamarkaði og taka þátt í fyrirbyggjandi aðgerðum með kynningu og umræðu.

## Áhrif fjármálamarkaðarins á hagkerfið

Fjármálamarkaðurinn á Íslandi hefur verið að þróast mikið á síðustu árum. Þær spurningar hafa því vaknað hvaða áhrif stöðugt vaxtandi viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf, bæði innlend og erlend hafi á hagkerfið hér á landi. Á ráðstefnunni fjölluðu þeir Bjarni Ármannsson bankastjóri Íslandsbanka FBA og Yngvi Örn



Kristinsson fyrrverandi forstöðumaður peningamálasviðs Seðlabankans um þetta efni.

Bjarni sagði hlutverk fjármagnsmarkaðar vera að miðla fjármunum þangað sem þeir skiludu mestu. Hann sagði að hérlendis væri sparnaður líttill miðað við önnur lönd en menn leituðu í arðvænlegri fjárfestingar en áður. Sparnaður er að færast meira inn á markaðinn með minnkandi hlut innlána í heildarsparnaði. Þá hefur hlutbréfamarkaðurinn vaxið mikið og hlutabréf að verða auðseljanlegri en áður. Bjarni lagði þó áherslu á að margt væri ógert ennþá. Í því sambandi nefndi hann að auðvelda yrði erlendum aðilum fjárfestingu á Íslandi, afnema þurfi verðbólguereigningsskil, fjölga tvísköttunarsamningum, afnema stimpilgjöld, hækka fjárhæðarþak við notkun kaupréttarsamninga með hlutabréf og loks að draga úr jaðarsköttum.

Í erindi sínu rakti Yngvi Örn hvað gerst hefur á innlendum fjármálamarkaði á undanförunum árum. Stofnanir hafa eflst með fækkun, stækkun og nýjum vinnubrögðum, opinber stýring í lánsfjármíðlun er horfin, komin er ný kynslóð starfsmanna í fjármálaþjónustu, takmarkanir á fjármagnshreyfingar hafa verið afnumdar, heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga erlendis hafa verið rýmkaðar, gjaldeyrisviðskipti hafa aukist og vandaðri vinnubrögð eru nú viðhöfð í rekstri fjármálastofnana. Í efnahagsmálum er staðan sú, að sögn Yngva, að nú hefur staðið yfir fyrsta uppsveiflan frá því þessar breytingar urðu á fjármálamarkaðnum. Hann sagði að uppsveiflan sé nú sennilega búin að ná hátindi, vinnumarkaðurinn sé yfirspenntur og að verðbólga sé vaxandi og verðbólguvæntingar meiri en áður. Þá færði Yngvi rök fyrir því að bæði markaðsáhætta og útlánaáhætta lánastofnana hefðu aukist.

Yngvi telur að efnahagsstefnan sem fylgt hefur verið hafi að nokkru leyti magnað vandann. Í því efni telur hann að stefnublandan hafi verið röng, peningastefna hafi verið of hörð en of slök stefna í ríkisfjármálum. Afleiðing þessa hafi orðið of háir vextir og of hátt gengi með tilheyrandi viðskiptahalla og erfiðri stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina. Yngvi sagði líklegt að komast hefði mátt hjá ofrisi hagsveiflunnar með því að auka aðhald fyrir. Þá hafi háir innlendir vextir aukið innstreymi erlends fjár og aukið með því beina og óbeina gengisáhættu í lánakerfinu og atvinnulífinu.

Yngvi telur að þróun á gengi krónunnar skipti sköpum um framhaldið. Hann segir krónuna eiga undir högg að sækja, gengi krónunnar hafi haldist uppi vegna innstreymis erlendra lána, þrátt fyrir mikið útstreymi vegna viðskiptahalla og fjárfestinga í verðbréfum erlendis. Neikvæðar fréttir um afkomu fyrirtækja, skerðingu aflaheimilda, viðskiptahalla og aukna verðbólgu hafa veikt gengi krónunnar að undanförunum. Veiking krónunnar leiðir aftur til minni áhuga á kaupum á henni þannig að víthringur myndast. Vandinn er að sögn Yngva að gengi krónunnar er að síga of snemma, þ.e. áður en dregið hefur úr spennu á vinnu- og vörumarkaði.

Í máli Yngva kom fram að þrjár leiðir væru til lendingar í því ástandi sem hann hafði lýst. Í fyrsta lagi það sem hann kallar klassísku lendinguna þ.e. að veiking krónunnar stuðli að vixlhækkunum gengis, verðlags og launa sem valdið geta erfiðleikum í atvinnulífinu, útlánatöpum í lánakerfinu sem aftur myndi leiða til efnahagssamdráttar. Önnur leiðin væri hörð lending vegna skyndilegrar gengisbreytingar t.d. vegna áhlaups á íslensku krónuna eða skyndilegrar takmörkunar á framboði erlends lánsfjár. Slíkar aðstæður myndu einnig leiða til alvarlegs efnahagssamdráttar. Þriðja leiðin sem Yngvi nefnir er það sem hann kallar mjúka lendingu þar sem gengi krónunnar héldist innan núverandi vixmarka, gengisbreytingin sem þegar er orðin leiði ekki til umtalsverðra launahækkana, það hægði á hagvexti og launabreytingum, framleiðni ykist á ný og verðbólga myndi smám saman minnka. Til að þetta geti orðið verður að draga úr viðskiptahalla. Yngvi telur að það sem gæti stuðlað að mjúkri lendingu nú væri m.a. skipulagsbreytingar á fjármálamarkaði, agi hlutabréfamarkaðarins, minni opinber afskipti af efnahagslífinu, hægari útlánavöxtur, hækkun vaxta á skuldabréfamarkaði og aukið aðhald í ríkisfjármálum. Ef takast á að ná mjúkri lendingu telur Yngvi að stjórnvöld þurfi að grípa til aðgerða fljótt til að hemja viðskiptahallann, draga úr einkaneyslu og styðja gengi krónunnar.

## Erlend fjárfestingafélög

Fyrri degi ráðstefnunnar lauk með umfjöllun um erlend fjárfestingafélög, flutning fjármagns frá Íslandi vegna þeirra og fjárfestingaumhverfi erlendra aðila á Íslandi.

Guðjón Rúnarsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra viðskiptabanka sagði í sínu erindi að fjárfestingar hefði mikil áhrif á hagvöxt og að skorður við fjármagnsflæði á milli landa væru að mestu horfnar enda leituðu ríki nú leiða til að laða að erlent fjármagn og hvetja eigin þegna til útrásar. Fjárfestingar Íslendinga erlendis hafa aukist mikið á síðustu árum. Hann nefndi sérstaklega að lífeyrissjóðir, sem eru stærstu fjárfestar landsins, hafi aukið fjárfestingu sína erlendis m.a. til að dreifa áhættu og bæta ávöxtun. Sama á við um fjárfestingafélög sem fjárfesta sífellt meira erlendis. Guðjón telur þessa útrás jákvæða en hún megi ekki vera keyrð áfram af óhagstæðu umhverfi hér heima, flæðið verði að vera óheft í báðar áttir.

Guðjón sagði að erlend fjárfesting á Íslandi væri í algjöru lágmarki og væru margar hindranir í veginum m.a. aðgangstakmarkanir, íslenskar skattareglur og fleira. Að mati Guðjóns er m.a. nauðsynlegt, ef örva á erlenda fjárfestingu á Íslandi, að hafa skýra og framsækna skattastefnu með langtímamarkmiðum, viðskiptaumhverfi í heimsklassa og setja menntun og rannsóknir í forgang.

Magnús Guðmundsson bankastjóri Kaupþings í Lúxemborg kynnti starfsemi fyrirtækis síns og fjallaði um Luxemborg sem fjármálamiðstöð, en fjármálastarfsemi er þar mjög umfangsmikil. Hann bar saman Luxemborg og Ís-



Kaffihlé. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.

land í þessu sambandi og nefndi m.a. að í Luxemborg væri fjölþætt þjónusta á þessu sviði, hæfileikaríkt starfsfólk, öflug bankalöggjöf, virk bankaleynd, stöðugt lagaumhverfi, öflugt bankaefirlit og alþjóðlegt umhverfi. Á Íslandi væri hins vegar einhæf þjónusta, vel menntað en ungt starfsfólk, bankalöggjöf í mótun, óvirk



Fyrirlesarar á haustráðstefnu djúpt hugsi. MOTIV-MYND / Jón Svavarsson.

bankaleynd, tíðar breytingar á lögum, íslenskt umhverfi og hér ríkti frumkvæði og áræðni. Magnús sagði að ýmis lagalegur mismunur væri Íslendingum óhagstæður í samanburði við Luxemburg. Í því sambandi nefndi hann m.a. að hér væri óhagstætt skattaumhverfi gagnvart erlendum fjárfestum, stimpilgjöld væru nánast einsdæmi og hlutabréf væru nafnskráð.

Loks fjallaði Magnús um eignarhaldsfélög í Luxemburg. Hann sagði að gera þyrfti skýran greinarmun á skattasniðgöngu og skattafyrirhyggju. Hér á landi hefur verið feimnismál að reyna að lágmarka skatta sína á löglegan hátt og reynt hefur verið að gera skattafyrirhyggju tortryggilega. Frestun söluhagnaðar með stofnun eignarhaldsfélaga í Luxemburg er eitt dæmi um skattafyrirhyggju þar sem hagstæðara er að stofna eða kaupa slíkt félag þar en á Íslandi.

Síðasti fyrirlesarinn var Bernharð Bogason lögfræðingur. Hann fjallaði um skattalegt umhverfi á Íslandi, samanburð við önnur lönd og hvort skattamál hefðu áhrif á fjármagnsflutninga. Hann sagði að fjármálamarkaðurinn hér væri í mótun, takmarkanir væru á heimildum erlendra aðila til fjárfestingar hérlendis, efnahagsástand væri óstöðugt, skattakerfið vanþróað, hér væru stöðugar breytingar á skattalögum, hér ríkti óvissar og óframkvæmanlegar skattareglur í sumu efni, það taki of langan tíma að fá bindandi álit, verðbólguþrengingsskilin væru

til trafala og Ísland hafi gert of fáa tvísköttunarsamninga.

Bernharð sagði einnig að þegar fjárfestir hyggur á fjárfestingu á tilteknu markaðssvæði væru skattamálin einn af mikilvægari þáttum varðandi ákvörðun um hvar eigi að bera niður. Bernharð lýsti skattalegu umhverfi í nokkrum löndum sem sérstaklega hafa sett sér markmið um að laða að erlenda fjárfestingu. Hann sagði að vilji Íslendingar stemma stigu við flutningi fjármagns frá landinu og hvetja til erlendar fjárfestingar þurfi m.a. skattalegt umhverfi að vera í samræmi við það sem hagstæðast er erlendis.

## Síðari hluti ráðstefnunnar

Á síðari degi ráðstefnunnar voru flutt mjög áhugaverð erindi. Símon Á. Gunnarsson formaður félagsins og Bjarni Þorvarðarson framkvæmdastjóri Talentu fjölluðu um verðmyndun fyrirtækja þar sem mannauður er m.a. mælieining. Sæmundur Valdimarsson endurskoðandi, fjallaði um verðbólguþrengingsskil og hvort tímabært væri að leggja þau niður. Loks fjölluðu þeir Björgólfur Jóhannsson endurskoðandi og forstjóri Síldarvinnslunnar og Þorsteinn Haraldsson endurskoðandi um spurninguna hvort líf sé eftir vinnu. Var gerður góður rómur að erindum þessum en ekki verður nánari grein gerð fyrir þeim hér að sinni.

## Dagskrá vetrarins

Ráðstefnuhald á vegum menntunarnefndar verður á svipuðum nótum í vetur og síðustu ár. Skattadagur félagsins verður haldinn þann 19. janúar og endurskoðendadagurinn þann 27. apríl. Þá er vonast er til að unnt verði að bjóða stutt námskeið eða umræðufundi fyrir minni hópa um ýmislegt fróðlegt. Tillögur um efni og frummælendur á slíka fundi eru alltaf vel þegnar.

Endurmenntunastofnun mun halda fjölbreytt námskeið í vetur í samstarfi við Fle og hafa þau námskeið sem þegar er lokið flest verið vel sótt.

## Utanferð

Haustið 2001 er ráðgert að efna til utanferðar á vegum félagsins. Nú hefur verið ákveðið að við leggjum leið okkar til London dagana 3. — 8. október. Gera má ráð fyrir fjölbreyttri dagskrá, blöndu af fræðslu og skemmtun. Hvetur nefndin félagsmenn til að gera ráð fyrir þessari ferð í áætlunum sínum fyrir komandi ár.

## Endurmenntunareiningar

Í lok janúar s.l. áttu endurskoðendur í fyrsta sinn að skila yfirliti yfir endurmenntunareiningar sínar á liðnu ári til félagsins. Skil voru nokkuð góð og hafa 182 af 233 starfandi endurskoðendum skilað yfirlitum sínum. Flestir virðast hafa náð þeim 30 einingum sem tilskyldar eru að meðaltali á ári og margir gott betur.

Nokkrar spurningar hafa komið upp um hvort tiltekin námskeið eða ráðstefnur falli undir endurmenntunaruftakið og verði metin til eininga. Stjórn félagsins og menntunarnefnd hafa fjallað um þessi tilvik og sett fram þá túlkun að sé það mat viðkomandi endurskoðanda að tiltekið námskeið, fundur, ráðstefna eða annað slíkt styrki hann í stafi sínu sem endurskoðandi og geri hann að betri fagmanni þá teljist slíkt til eininga. Það skal þó áréttað að félagið getur kallað eftir rökstuðningi ef ekki virðist í einhverjum tilvikum augljós tenging við starfið.

Menntunarnefnd vonast til að eiga gott samstarf við félagsmenn á komandi vetri sem hingað til og góðrar þátttöku í væntanlegum viðburðum.



# Er að komast regla á óregluna?



Sæmundur  
Valdimarsson  
endurskoðandi

Reikningsskilaráð sendi nýlega frá sér reglur um framsetningu reglulegra og óreglulegra rekstrarliða. Í reglunum er fjallað um rekstrarafkomu af reglulegri starfsemi, óreglulega rekstrarliði, aflagða rekstrarstarfsemi, breytingar á reikningshaldslegu mati, skekkjur og breytingar á reikningsskilaaðferðum. Reglurnar byggja á stöðlum Alþjóðlegu reikningsskilanevndarinnar nr. 8 og 35, um sama efni. Reglurnar gilda fyrir reikningstímabil, sem hefjast 1. janúar 2001 eða síðar. Þess má geta að reikningsskilastaðall Alþjóðlegu reikningsskilanevndarinnar nr. 8, Net Profit and Loss for the Period, Fundamental Errors and Changes in Accounting Policies, gildir frá 1. janúar 1995 og staðall nr. 35, Discontinuing Operations, frá 1. janúar 1999.

## Framsetning reglulegra og óreglulegra liða í rekstrarreikningi

Í reglum Reikningsskilaráðs kemur fram að nánast öll viðskipti fyrirtækja verði til í venjulegum rekstri þeirra og teljist því til afkomu af reglulegri starfsemi. Jafnframt kemur fram í reglunum að það heyrir til undantekninga að viðskipti eða atburðir hafi í för með sér tekjur eða gjöld sem flokka skuli sem óreglulega rekstrarliði. Til óreglulegra rekstrarliða heyra einkum liðir sem ekki eru á valdi forráðamanna fyrirtækja, s.s. náttúruhamfarir þar sem þeirra er síst von. Þeir varða viðskipti eða atburði sem ekki tengjast áframhaldandi og reglulegum rekstri fyrirtækis. Samkvæmt því er ekki gert ráð fyrir að þessir tekju- og gjaldaliðir endurtaki sig.

Í reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga er flokkurinn aðrar tekjur og gjöld sýndur næst á eftir afkomu af reglulegri starfsemi eftir skatta. Undir þennan flokk falla óreglulegar tekjur, óregluleg gjöld, hagnaður eða tap af sölu eigna og skattar af þessum liðum.

Það er ljóst að samkvæmt reglum Reikningsskilaráðs um framsetningu reglulegra og óreglulegra rekstrarliða fellur hagnaður og tap af sölu eigna alla jafna ekki undir aðrar tekjur og gjöld. Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna og ófnilslegra eigna verður því að færa meðal rekstrartekna. Ef um verulegar fjárhæðir er að ræða kann að vera rétt að sérgreina söluhagnaðinn í rekstrarreikningi. Tap af sölu rekstrarfjármuna verður að færa meðal rekstrargjalda og sérgreina skipti það verulegu máli fyrir lesanda reikningsskilanna. Einnig kemur til greina að sýna í skýringum sundurliðun á þeim lið sem innifelur söluhagnaðinn eða sölutapið. Gert er ráð fyrir að söluhagnaður og sölutap einstakra rekstrarfjármuna verði jafnað saman eins og áður.

Hagnað eða tap af sölu áhættufjármuna og langtímakrafna, einkum eignarhluta og skuldaþréfa, verður að færa sem sérstakan lið meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Þegar framsetningu söluhagnaðar og sölutaps af eignum verður breytt í rekstrarreikningum fyrirtækja skal samanburðartölum breytt til samræmis. Jafnframt verður að gera grein fyrir þessum breytingum í sérstakri skýringu. Taka verður mið af mikilvægi liðarins hverju sinni.

## Tilmæli Verðbréfaþings

Verðbréfaþing Íslands sendi dreifibréf til skráðra félaga í september sl., þar sem fjallað var um framsetningu reikningsskila þessara félaga í kjölfar nýrra reglna Reikningsskilaráðs. Þar var því beint til félaganna að íhuga vandlega í samráði við endurskoðendur sína hvort ekki sé ástæða til að birta söluhagnað eða sölutap af eignum sem sérstakan rekstrarlið ásamt því að fjalla um hann í skýringum, þeg-

ar slíkur liður hefur mikil áhrif á afkomu viðkomandi félags.

## Framsetning hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga

Í reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga eru áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga sýnd sérstaklega í rekstrarreikningi á eftir afkomu af reglulegri og óreglulegri starfsemi. Bent hefur verið á að reglugerðin, sem byggir á fjórðu tilskipun Evrópusambandsins um ársreikninga félaga með takmarkaðri ábyrgð, sé ekki í samræmi við tilskipunina að þessu leyti.

Samkvæmt fjórðu tilskipun Evrópusambandsins er hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga sýnd meðal reglulegrar starfsemi í rekstrarreikningi. Í reikningsskilum fjármálafyrirtækja og tryggingafélaga hér á landi hefur hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga verið sýnd meðal reglulegra rekstrarliða. Veitt er heimild til þess í lögum um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga að vikja frá þeirri framsetningu sem þar er sýnd.

Hlutdeild í afkomu dótturfélaga og hlutdeildarfélaga, án skatta, mætti færa sem tvo sérstaka liði næst á eftir fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum. Slík framsetning er í samræmi við framsetningu rekstrarreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Hlutdeild í tekjuskatti dóttur- og hlutdeildarfélaga ætti að sýna með tekjuskatti af reglulegri starfsemi. Nemi tekjuskatturinn verulegum hluta af tekjuskatti móðurfélagsins má sérgreina þann hluta hans sem tilheyrir hlutdeildinni í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna í sérstakri skýringu um tekjuskatt.

Þegar framsetningu hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga verður breytt í rekstrarreikningum fyrirtækja ætti að breyta samanburðartölum til samræmis. Jafnframt ætti að gera grein fyrir þessum breytingum í sérstakri skýringu.

Framsetning hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga í yfirliti um sjóðstreymi verður óbreytt frá því sem nú er.



# Viðhorfskönnun til verðleiðréttra reikningsskila á heimsíðu FLE

Notkun verðleiðréttra reikningsskila við gerð ársreikninga á Íslandi hefur verið nokkuð til umræðu að undanfögnu. Svokölluð fráviksaðferð, sem útfærð var af reikningsskilaneftnd Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) og byggir að mestu á svokölluðum staðverðsreikningsskilum (e. general price level), hefur verið við lýði við gerð reikningsskila hér á landi frá því í byrjun 9. áratugarins. Þegar aðferðin var tekin upp var verðbólga hérlandis mjög mikil. Þó svo að hún hjaðnaði eitt hvað síðari hluta áratugarins og í byrjun 10. áratugarins, var hún oftast meiri en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Á síðustu árum hefur verðbólga verið mun minni en árin á undan og sem dæmi má nefna að hækkun á vísitölu neysluverðs árána 1997 - 1999 var rúm 9%. Hækkunin á árinu 1999 var 5,6% og 4,2% á árinu 2000. Á sama tíma hafa erlendar fjárfestingar fyrirtækja og einstaklinga aukist stórlega. Mörg íslensk félög eru eignaraðilar í erlendum félögum og erlend félög eru hluthafar í íslenskum félögum. Þar sem notkun verðleiðréttra reikningsskila þekkist ekki hjá öðrum löndum í kring um okkur, hafa komið upp ýmis vandkvæði við frágang reikningsskila milli landa og við samanburð á milli félaga hér á landi samanborið við erlend félög. Þá hefur Verðbréfaþing Íslands tengst verðbréfaþingum annarra Norðulanda. Það er ekki ólíklegt að það geti reynst áhugasömum erlendum fjárfestum erfitt að átta sig á reikningsskilum í ársreikningum íslenskra félaga.

Í ljósi lægri verðbólgu síðustu ára, samanborið við síðasta áratug og aukinnar útrásar íslenskra fyrirtækja vill ritnefnd FLE auka umræðuna um verðleiðrétt reikningsskil. Því ákvað hún m.a. að gera óformlega viðhorfskönnun á heimasíðu félagsins til að kanna viðhorf gesta hennar til þess hvaða skilyrði þeir telji að þurfi að uppfylla, til að tímabært geti talist að hugað verði að breytingum á núverandi reikningsskilaaðferðum.

Spurt var tvískiptrar spurningar. Alls voru 125 sem svöruðu fyrri hlutanum og 126 seinni hlutanum. Meðfylgjandi er spurningin, svarmöguleikarnir og svörin við þeim.

Hvaða neðangreind skilyrði telur þú að uppfylla þurfi til að verðleiðréttingar í reikningsskilum á Íslandi verði aflagðar.

1.			
A)	Verðbólga síðustu 3 ár sé að jafnaði undir 3% á ári	29	23,2%
B)	Verðbólga síðustu 3 ár sé að jafnaði undir 6% á ári	56	44,8%
C)	Verðbólga síðustu 3 ár sé að jafnaði undir 10% á ári	40	32,0%
	Samtals	125	100,0%
2. Löggjafarvaldið felli niður verðleiðréttingar í skattalögum.			
A)	Já	78	61,9%
B)	Nei	48	38,1%
	Samtals	126	100,0%

Eins og sjá má á svörum við fyrri hlutanum, þá eru skiptar skoðanir hjá svarendum á hvaða bili þeir telja að verðbólga þurfi að vera, af þeim möguleikum sem gefnir voru, til að skilyrði séu til að leggja af verðleiðrétt reikningsskil hér á landi.

Meirihluti svarenda seinni hlutans, tæp 62%, telur að verðleiðréttingar í skattalögum skuli aflagðar, verði ákveðið að leggja af verðleiðréttingar í reikningsskilum hér á landi.

Miðað við núverandi verðbólguáðstæður telja 76,8% svarenda að leggja bera verðleiðrétt reikningsskil af nú þegar. Þá telur meirihluti svarenda, að fella þurfi niður verðleiðréttingar í skattalögum einnig.

Það skal tekið skýrt fram að hér var aðeins um óformlega viðhorfskönnun að ræða en ekki skoðanakönnun og bera skoða hana í því ljósi.

## Skoðanakönnun FLE

Í ljósi þess að orðið "löggitur" hefur verið fellt út úr samþykktum FLE til samræmis við lög um endurskoðendur nr. 18/1997, var gerð könnun meðal félagsmanna um nafn á félagið. Um 33% félagsmanna hafa svarað. Naumur meirihluti vill óbreytt nafn og því var samþykkt af stjórn FLE að taka málið af dagskrá í bili a.m.k.

Merki (logo) FLE er um 20 ára gamalt og oft hefur verið rætt um að breytinga væri þörf. Stjórn FLE leggur til að ekki verði farið út í breytingar á merki félagsins að svo stöddu





# Verðbólgu-reikningskil



Ólafur Nilsson  
endurskoðandi

## Inngangur

Nokkur umræða hefur vaknað um það hvort hverfa eigi frá svonefndum verðbólgu-reikningskilum, en slík reikningskil hafa almennt verið gerð hér á landi sl. 20 ár. Það voru ákvæði í skattalögum sem hrindu þessari framkvæmd af stað, en á þeim tíma geisaði hér óðaverðbólga sem skekkti mjög hefðbundnar mælingar á skattstofnum og þá frásögn sem reikningskilum var ætlað að segja um afkomu og fjárhagstöðu fyrirtækja.

## Aðdragandi verðbólgu-reikningsskila

Aðdragandi verðbólgu-reikningsskila hér á landi var nokkur, en á áttunda áratugnum var umtalsverð verðbólga bæði Bandaríkjunum og í Evrópu. Fram komu hugmyndir og staðlar um gerð verðbólgu-reikningsskila, en óviða náði slík reikningsskilagerð fötfestu í helstu viðskiptalöndum okkar. Verðbólga hér á landi var reyndar margföld miðað við nágrannalönd okkar eða á bilinu 40 til 60% um nokkurra ára skeið, en á sama tíma fór verðbólga í Bandaríkjunum hæst í rúmlega 10%. Ástandið hér á landi kallaði á aðgerðir til að bæta reikningsskilagerð og skilgreiningu skattstofna.

## Breytingar á skattalögum

Eins og svo oft áður voru það skattalögin sem mörkuðu stefnuna í þessum efnunum. Á árunum 1976 til 1978 var unnið hörðum höndum að setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt sem áttu eftir að valda byltingu í gerð skattframtala atvinnurekstrarins og bæta mjög það

ástand sem ríkti varðandi ákvörðun á skattstofnum við aðstæður óðaverðbólgu. Fyrsta frumvarpið, sem ætlað var að taka mið af þessum aðstæðum var samið á árinu 1976, en það var reyndar aldrei lagt fram. Í því var gert ráð fyrir takmörkuðu endurmati rekstrarfjármuna, einkum fasteigna, en á hinn bóginn voru ákvæði um mun hraðari afskriftir á fyrstu árum eignarhaldstíma lausafjár, eða 30% af bókfærðu verði. Þannig var ætlunin að draga úr vanmati afskrifta á verðbólgu-tímum með því að afskrifa verulegan hluta stofnverðsins á fyrstu árum eignarhaldstímans. Þá var áfram gert ráð fyrir skattfrelsi söluhagnaðar af hlutabréfum eftir tiltekinn eignarhaldstíma. Þetta frumvarp var m.a. byggt á hliðstæðum reglum í lögum nágrannalanda okkar, en þar er þetta fyrirkomulag um 30% afskrift af bókfærðu verði lausafjár enn við líði. Í hinum endanlegu breytingum á skattalögnum frá 1978 voru hins vegar mun ítarlegri ákvæði um útreikning á áhrifum verðlagsbreytinga, sem í öllum meginatriðum eru enn í gildi.

## Breyting á gerð reikningsskila

Í kjölfar breytinga á skattlögnum varð almenn breyting á reikningsskilum atvinnurekstrarins sem byggðist á hugmyndum skattlaganna. Endurskoðendur höfðu síðan frumkvæði að því að bæta aðferðir skattlaganna til notkunar í almennum reikningsskilum og gáfu út handbók um reikningsskilagerð sem stuðlaði mjög að samræmingu reikningsskila á þessum umbrotatímum. Aðferð endurskoðendanna hefur lengst af verið nefnd fráviksaðferð þar sem hún víkur frá aðferðum skattalaga við mælingu á áhrifum verðlagsbreytinga. Frávíks aðferðin hefur síðan lengst af verið notuð við reikningsskilagerð stærri og meðalstóra fyrirtækja í landinu með nokkrum undantekningum þó, en telja verður að aðferðin hafi reynst vel. Um það verður vart deilt að aðferðin gefur mun raunsannari mynd af afkomu fyrirtækja en nafnverðs- eða kostnaðarverðsaðferðin gerir við verðbólgu-aðstæður.

## Samanburður við önnur lönd

Eins og áður segir eru verðbólgu-reikningskil almennt ekki viðhöfð í okkar helstu viðskiptalöndum. Þar hafa hins vegar verið sett í skattlög ákvæði um tímabundnar ráðstafanir til að taka tillit til verðlagsbreytinga svo sem tilfallandi endurmat fyrnanlegra eigna og fyrningar af slíku endurmati. Verðbólgu-reikningskil eru hins vegar ekki óþekkt með öllu um þessar mundir. Í löndum sem við eigum nokkur viðskipti við, svo sem Mexico og Chile, eru notuð verðbólgu-reikningskil, sem leiða til hliðstæðrar niðurstöðu og okkar reikningskil, en í þessum löndum hefur verðbólga verið á bilinu 10 til 20% á síðustu árum.

Á síðasta áratug hefur verðbólga hér á landi verið hliðstæð því sem gerist í nágrannalöndum okkar og því hefur það oft komið upp í hugann hvort ekki sé tímabært að hverfa frá þeim aðferðum sem hér hafa verið notaðar. Þrátt fyrir að verðbólgan hafi aðeins látið á sér kræla nú síðustu misserin tel ég nauðsynlegt að málið sé rætt og krufið til mergjar. Takist okkur að hemja verðbólguna, sem við verðum reyndar að gera, er ljóst að samræming reikningsskila okkar við það sem gerist í nágrannalöndum okkar verður óhjákvæmileg á næstu árum þótt samanburður við önnur lönd hafi ekki valdið teljandi vandkvæðum á undanförunum árum. Evrópusambandið hefur krafist þess að fyrirtæki, skráð á verðbréfaþingum á svæði sambandsins, samræmi reikningsskil sín alþjóðareglum í síðasta lagi á árinu 2005. Að þessu ber okkur að huga, en við erum bundin af reglum Evrópusambandsins að þessu leyti.

## Niðurstöður

Það er mjög mikilvægt að víðtæk samstaða nái um þær breytingar sem gerðar kunna að verða hér á landi á gerð reikningsskila. Það væri afar óheppilegt að fara af stað með breytingar sem ekki yrðu almennar enda væri það í ósamræmi við megin efni laga um að reikningskil



hér á landi skuli gerð eftir almennt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum. Yfir 30 þúsund félög munu vera skráð hér á landi og munu flest þeirra byggja sína reikningsskilagerð á ákvæðum skattalaga, en þar er um að ræða mikinn fjölda smárra félaga. Ég tel það afar mikilvægt að grundvallarbreytingar verði gerðar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt um leið og breytingar verða á almennri reikningsskilagerð í landinu. Verði horfið frá gerð verðbólgu-reikningsskila, sem ég tel eðlilegt að stefna að, er óhjákvæmilegt að skattalögum verði breytt um leið í veigamiklum atriðum, m.a. með hliðsjón af þeim reglum sem gilda í nágrannalöndum okkar.

Niðurstaða mín er sú að það sé fleira sem mælir með því en á móti að hverfa frá gerð verðbólgu-reikningsskila enda verði verðbólga hér á landi hliðstæð því sem gerist í nágrannalöndum okkar og gerðar verði grundvallarbreytingar á skattalögum. Að undirbúningi þessara breytinga er tímabært að vinna.

# Hugleiðingar vegna verðbólgu-reikningsskila



Guðmundur Jens Þorvarðarson  
endurskoðandi

## Er Jón sá eini sem gengur í takt?

Með lögum nr. 75/1981 var ákveðið að í skattalegu tilliti skyldi tekið tillit til þeirra verðlagshækkana, sem urðu á milli ára, við ákvörðun á verðmæti eigna, söluhagnaði og fyrningum. Einnig skyldi taka tillit til þeirra áhrifa, sem verðlag hefði á peningalegar eignir og skuldir. FLE ákvað þá að beita sér fyrir því, að áhrif verðlagshækkana yrðu sjáanleg í ársreikningnum og var af því tilefni gerð til-laga að uppsetningu ársreiknings. Var þar talað um mjög þýðingarmiklar breytingar, raunar byltingarkenndar. Jafnframt var talið að við þær aðstæður (verðbólguna), sem til staðar væru, sýndi hefðbundni ársreikningurinn alls ekki þá mynd af afkomu né efnahag, sem til væri ætlast.

Upp frá því hefur verðleiðréttur ársreikningur verið nær allsráðandi fram til þessa dags. Í dag eru uppi efasemdir um að verðbólgu-reikningsskil eigi rétt á sér þar sem verðbólga hefur minnkað verulega frá því sem var og á tímum verið nær engin.

Hefur eitthvað breyst í árunna rás? Á þeim árum, sem framangreindar ákvarðanir voru teknar, var hér á landi um og yfir 50% verðbólga, sem átti eftir að aukast næstu ár á eftir og náði hámarki 1983 (72%), en lækkaði þá all verulega. Þó fór hún ekki niður fyrir 18-22% fram til ársins 1990. Síðan hefur hún farið stöðugt lækkandi og milli árunna 1991 og 1998 hefur hún verið 1-3%, þó oftast nær lægri tölunni. Hins vegar hefur brugðið svo við að á síðasta ári og þessu, sem er að ljúka hefur hún verið á milli 5 og 6%.

Eins og fram kemur í upphafi var talið rétt að áhrif verðlagsbreytinga væru sýnileg í ársreikningnum og öðrum reikningsskilum í hverjum kæmi fram afkoma og efnahagur fyrirtækja. Þegar litið er til baka vekur það óhug hvernig ársreikningurinn liti út í dag hjá fyrirtæki, sem starfað hefur frá 1980, ef ekki hefði komið til þeirra reglu að taka tillit til verðbólgunnar. Eftirfarandi er lítið dæmi (dæmi 1), þar sem keypt var fasteign í lok árs 1980, hún afskrifuð um 4% á ári til loka árs 1999, þ.e. í 20 ár. Kaupin voru fjármögguð með verðtryggðu láni til 20 ára

## Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin

mánudaga til fimmtudaga

frá kl. 9 - 12:30.

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@islandia.is

Heimasíða: www.fle.is

Dæmi 1:	kaupverð '80	bókf.v (óframr.)	bókf.v (framr.)	tekjuskattur
Fasteign	10.000			
1999 (óverleiðr.)		2.000		198.370
1999 (verðleiðr.)			44.772	151.963



(vextir 10%). Gerður er samanburður á bókfærðu verði eignarinnar í lok tímabilsins og samtals greiddum tekjuskatti (á núvirði) eftir tímabilið, eftir því hvort um er að ræða óverðleiðrétt eða verðleiðrétt reikningskil (ekki er beitt fráviksaðferð).

Af framangreindu sést að mismunurinn milli verðleiðréttra og óverðleiðréttra reikningskila er all verulegur og geta menn spurt sig að því hvor niðurstaðan sé réttari, ef gengið er út frá að fasteignin hafi haldið verðgildi sínu í takt við verðbólguna. Í verðleiðréttu tilvikinu væri eigið fé kr. 89.179 hærra en það væri án verðleiðréttingu. Hagnaður fyrsta árið er sá sami í báðum tilvikum og tekjur og gjöld eru þau sömu í báðum tilvikum öll árin en hækka í takt við verðbólgu. Þegar upp er staðið eru það afskriftirnar sem valda því að tekjuskattur verður lægri.

Hin síðari ár hafa ýmsir haldið því fram að verðleiðrétt reikningskil séu úrelt og vísa þá gjarnan til landanna í kringum okkur sem búa jafnan við verðbólgu á bilinu 1-5%, en í þeim hefur ekki verið talin ástæða til að verðleiðrétt reikningskil. Það er ljóst að ef verðbólga er engin þarf engar verðleiðréttingar. Ef verðbólga er á bilinu 2-5% skekkist eigið fé ef ekki er tekið tillit til verðleiðréttingar. Ef verðbólga er viðvarandi meiri en 6% verðu skekkjan umtalsverð. Þó við séum ekki að horfa á tölur eins og í dæmi 1 þá eru þær það stórar að nið-

Dæmi 2:

Verðbólga á ári í %	Mism. bókf. verðs eftir 10 ár	Mism. bókf.verðs eftir 20 ár
2%	20%	45%
5%	55%	153%
8%	100%	331%
10%	135%	512%

urstöður ársreiknings eru ekki réttar. Gefum okkur að fyrirtæki kaupi eign 2001 og afskrifi hana eins og lög gera ráð fyrir. Litum á mismun á bókfærðu verði eignarinnar eftir því hvort beitt er verðleiðréttingu eða ekki, annars vegar eftir 10 ár og hins vegar eftir 20 ár, miðað við mismunandi verðbólgu.

Þrátt fyrir að verðbólga sé aðeins 2% á ársgrundvelli kemur í ljós að án verðleiðréttingar skekkjast reikningskilin töluvert eftir því sem árin líða.

Ein af þeim meginrökum sem andstæðingar verðbólgu-reikningskila beita fyrir sig er að samanburður við erlend félög verður erfiður og eru þá sérstaklega að vísa til þeirra hlutafélaga, sem eru skráð á verðbréfamörkuðum og vilja meina að verðbreytingarfærslan valdi erlendum aðilum heilabrotum.

Það er augljóst að ef ekki er um að ræða verðleiðréttingar á eignum og afkomu er hætt við að skattaðili þurfi að greiða skatta af "verð-

bólguhagnaði", nema til komi leiðréttingar með breytingum á skattalögum. Er ekki bara einfaldari leið að "leiðrétt" reikningskilin (færa til baka verðleiðréttingarþættina) í þeim tilfellum, sem þess þarf?

Undirritaður telur að það hafi verið mikið gæfuspor þegar tekið var til við að verðleiðrétt reikningskil, með tilliti til verðbólgu. Betra sé að flýta sér hægt við að afnema verðbólguáhrifin úr reikningskilunum, þar sem þau geti aldrei verið rangari með verðleiðréttingum en án þeirra.

Sú samlíking hefur verið notuð að Íslandi er líkt við mann (Jón), sem gengur í skráðgöngu og er ekki í takt við aðra þátttakendur (þjóðir sem verðleiðrétt reikningskil sín). Hugsanlegt er að Jón sé sá eini sem gengur í takt, því það er jú undirspilið, sem segir til um hvort þú gengur í takt eða ekki.

# Verðleiðrétt reikningskil



Knútur Þórhallsson  
endurskoðandi

Gerð reikningskila byggir á skráðum reglum og er samheiti þeirra góð reikningskilavenja. Þessar reglur leiða meðal annars til þess að reikningskil eru samanburðarhæf frá einu ári til annars en ein af forsendum reikningskila er samkvæmni. Við skilyrði mikillar verðbólgu hef-

ur verið beitt samræmdum aðferðum til að verðleiðrétt reikningskil. Í flestum tilfellum er um að ræða leiðréttingar í samræmi við almennar verðlagsbreytingar og hefur vísitala neysliverðs verið notuð í því sambandi.

Þegar verðbólga er lítil hafa áhrif verðbólgu-reikningskila í fjölmörgum tilfellum lítil áhrif á reikningskil.

Á síðustu árum hefur verðbólga á Íslandi verið lág þrátt fyrir nokkra hækkan á síðustu misserum og er tilgangur verðbólgu-reikningskila því ekki jafn augljós og áður. Íslensk reikningskil eru að nokkru leyti ekki samanburðarhæf við reikningskil erlendra fyrirtækja vegna verðlagsleiðréttinga og er það ókostur þegar íslensk fyrirtæki verða stöðugt alþjóðlegri og sækja í

vaxandi mæli eftir erlendu fjármagni, hvort heldur sem er í formi lánsfjármagns eða hlutafjár.

Að lokum er rétt að nefna að nokkur munur getur verið á mælingu verðlagsbreytinga og eru dæmi þess að íslensk reikningskil eru ekki samanburðarhæf vegna þessa misræmis. Það er skoðun mín að rökin fyrir því að hætta verðbólgu-reikningskilum vegi þyngra en rökin fyrir því að halda þeim áfram og því sé það tímabært að hætta þeim. Forsendur þess eru að sjálf-sögðu þær að verðbólga verði svipuð og í helstu viðskiptalöndum okkar og að breytingar verði gerðar á lögum um tekju- og eignarskatt til samræmis, þannig að skattgreiðslur aukist ekki vegna breyttra skattstofna.



# Kaupréttarsamningar



Árni Harðarson  
lögfræðingur hjá  
Deloitte & Touche

Kaupréttarsamningar verða sífellt algengari hjá fyrirtækjum hérlendis en erlendis er þetta fyrirkomulag á endurgjaldi fyrir vinnu í mörgum tilfellum mun algengara en hérlendis. Sérstaklega á þetta við um Bandaríkin og Bretland. Í báðum þessum löndum hefur þetta tíðkast nokkuð lengi og eru ýmis form svona samninga einna þekktust í báðum þessum ríkjum. Stór liður í því að slíkir samningar eru svo algengir í þessum löndum er að þar hafa verið sett ákvæði í skattalög sem fela í sér ívilnandi skattalega meðhöndlun svona samninga að vissum skilyrðum uppfylltum.

Almennt má segja að hægt sé að skipta þessu upp í tvo flokka:

- Skattamódelið - Incentive Stock Options (ISOs) þetta eru kaupréttarsamningar sem uppfylla ákveðin skilyrði sem skattalög setja fyrir ívilnandi skattalegri meðferð. Sú skattalega meðferð er fólgin í því að skattlagningu vegna hlutabréfa sem keypt eru skv. kaupréttarsamningi er frestað þar til bréfin eru seld. Þá er aðeins lagður á fjármagnstekjuskattur, þ.e. á mismun á kaupverði og söluverði. Fyrirtækið fær ekki að færa til frádráttar mismun á markaðsverði og því sem starfsmaðurinn greiðir fyrir bréfin (þ.e. fær ekki að nýta tap af þessari sölu). Um þessa löggjöf hér á landi var fjallað í síðasta tölublaði FLE, af Völu Valtýsdóttur, hdl. og vísast til þeirrar umfjöllunar.
- Nonqualified Stock Options (NSOs) þetta eru kaupréttarsamningar sem uppfylla ekki skilyrði skattalaga fyrir ívilnandi skattalegri meðferð. Þegar viðkomandi starfsmaður nýtir sér kauprétt sinn þarf hann því að greiða

venjulegan tekjuskatt af mismun á kaupverði og markaðsverði bréfanna. Fyrirtækið getur gjaldfært tap af sölu bréfanna, þ.e. mismun þess sem starfsmaðurinn greiðir fyrir bréfin og markaðsverðs þeirra. Algengasta formið af þessum samningum hefur verið sú leið að starfsmönnum er gefinn kostur á kaupum á hlutabréfum að ákveðnum tíma liðnum á fyrirframákveðnu verði. Hins vegar má hér í dæmaskyni nefna nokkrar aðrar gerðir slíkra samninga:

Stock Appreciation Rights (SARs) - Réttindi tengd virðishækkun á hlutabréfum:

Venjulega veitt í tengslum við valrétt þar sem starfsmaðurinn, í staðinn fyrir að framkvæma kaupin, fær greiðslu sem er jöfn hækkun á markaðsverði bréfanna frá því verði sem var þegar heimildin var samþykkt. Greiðslurnar geta verið í formi peninga, hlutabréfa eða samblandi af hvoru tveggja Restricted Stock - Hlutabréf þar sem hömlur eru á meðferð:

Starfsmenn fá í hendur hlutabréf en hömlur eru á meðferð þeirra hvað varðar, sölu, framsal og veðsetningu og ná hömlurnar venjulega til fyrirframákveðins tíma. Þegar hömlurnar renna út er starfsmaður með í höndunum hlutabréf sem hann getur selt, framselt eða veðstett. Ef starfsmaður lætur af störfum fyrirgerir hann rétti til þeirra hlutabréfa sem ekki hafa þegar fallið í hlut hans. Á því tímabili sem hömlurnar eru á meðferð bréfanna, fær starfsmaðurinn arð og hefur atkvæðisrétt.

Performance Shares - Árangursbundin hlutabréf:

Starfsmönnum er boðin óviss fjárhæð í hlutabréfum í upphafi þess tímabils sem árangursmælingar miðast við (venjulega 3-5 ár). starfsmaðurinn ávinna sér hlutdeild eða margfeldi í hlutum sem búið er að heimila, að svo miklu leyti sem árangursmarkmiðum er náð og þarf að ná ákveðnum lágmarksmarkmiðum í árangri til þess að slíkt kerfi byrji að gefa rétt til hlutabréfa.

Performance Units - Árangurseiningar:

Heimild til tiltekinna eininga við tiltekinni krónutölu (t.d. 5.000 kr.) þar sem útgreiðslan er óviss en bundin tilteknum árangursmarkmiðum á tilteknu tímabili (venjulega 3-5 ár) Að svo miklu leyti sem markmiðum er náð, eru einingarnar greiddar út í peningum eða hlutabréfum. Ef lágmarksárangri er ekki náð tapast rétturinn til eininganna.

Phantom Stocks - Skuggahlutir:

Fyrirkomulag þar sem starfsmenn fá verðmætisaukningu í hlutabréfum, við bókfærðu verði, markaðsverði eða skv. reiknilíkani, yfir tiltekið tímabil (t.d. 5-10 ár) Verðmætisaukningin getur verið greidd í peningum eða hlutabréfum. Einnig getur verið um að ræða greiðslur sem eru til janfgildis við arð. Hagnast þannig starfsmenn eins og hluthafar án þess að vera hluthafar.

Þegar fyrirtæki hefur í hyggju að fara þá leið að bjóða starfsmönnum upp á að hluti launa þeirra sé svokallaður kaupréttur eða sambærileg réttindi er að mörgu að hyggja fyrir launa-greiðanda. Þegar í upphafi er rétt að velja fyrir sér ákveðnum atriðum varðandi þær leiðir sem myndi henta fyrirtækinu að þessu leiti. Þær vangaveltur geta tekið mið af lýsingu á helstu kostum og göllum slíkra kerfa og reifun hér að framan um þau kerfi sem mögulega koma til greina. Þau atriði sem m.a. er hér um að ræða eru:

Á að huga að kaupréttarkerfi er miðast við það skattalega hagræði sem boðið er uppá í tekjuskattslögum skv. nýlegum breytingum.

Á að bjóða öllum starfsmönnum upp á þetta eða aðeins útvöldum starfsmönnum.

Á samningur að veita öllum sem þátt taka sama rétt og ef ekki í hverju verður munurinn fólgin.

Á að vera um að ræða greiðslu í hlutabréfum eða öðru formi.

Verða bréf höfð tiltæk með kaupum eða hlutafjárhækkun.

Ákveða þarf lengd þess tíma sem starfsmennirnir þurfa að hafa unnið til að öðlast rétt til að kaupa bréf.

Magn hlutabréfa sem hver og einn má kaupa.





Eiga að vera ákvæði um lágmarkseignarhaldstíma.

Hver á réttur þeirra að vera sem hættu störfum af ýmsum orsökum áður en liðinn er sá tími sem þarf að vinna til að öðlast rétt til að kaupa:

Hver er réttur erfingja.

Eru réttindin framseljanleg.

Hver á að sjá um framkvæmdina, þ.e. stjórn og framkvæmdastjóri eða sérstök kaupréttarsamninganefnd.

Hefur starfsmaður eitthvað tímabil til að taka ákvörðun um kaup eða verður hann að ákveða sig um leið og tímaviðmiði er náð.

Á samningur að taka á því hvernig starfsmenn fjármagna kaupin eða á að gera ráð fyrir því að það sé mál hvers og eins starfsmanns.

Við þessar vangaveltur er rétt að hafa í huga helstu kosti og galla slíkra kerfa og hverju reynt er að ná fram með slíkum kerfum.

Nokkrir kostir sem slíkt umbunarfyrirkomulag getur haft í för með sér eru að um er að ræða

hvatningu til starfsmanna þar sem hagsmunir fyrirtækis verða að hagsmunum starfsmannsins. Þá er þetta góð leið til þess að halda í tiltekna starfsmenn og halda þannig ákveðinni þekkingu innan fyrirtækisins enda oft talað um þetta sem "golden handcuff" á starfsmenn. Þetta getur því orðið til þess að félagið missir síður lykilstarfsmenn og auka áhuga starfsmanna á velgengni fyrirtækisins sem ætti að leiða til betri afkomu og hærra gengis hlutabréfa í félaginu. Fyrirtækið verður um leið eftirsóttara í augum annarra og auðveldar þannig að fá hæfileikaríkra einstaklinga til starfa. Einnig má nefna að þetta getur verið góð leið til að halda stjórnendum við efnið og brýna þá til góðra verka með langtíamarkmið að leiðarljósi frekar en skemmri tíma markmið.

En þetta er ekki gallalaust. Sem hugsanlega galla mætti nefna að umsjón og framkvæmd tekur nokkurn tíma, öflun hlutabréfa getur orðið vandamál og þetta gefur starfsmönnum hlutdeild í ávinningi þeirra hluthafa sem fyrir

eru, en mjög misjafnt getur verið hvort lítið sé á slíkt sem galla. Þá geta verið neikvæð áhrif af því að lykilstarfsmenn selja hlutabréf á markaði. Einnig skal nefna að það getur talist til galla ef ekki eru nægjanleg tengsl milli frammistöðu einstakra starfsmanna og kaupréttar þeirra.

Í lokin er rétt að benda á að æskilegt er að þegar fyrirtæki býður upp á kaupréttarsamninga, sem lið í launastefnu sinni, þ.e. að slíkt kerfi gildi fyrir flesta eða alla starfsmenn en ekki aðeins fáa útvalda, þá sé það kynnt á skilmerkilegan hátt fyrir starfsmönnum. Í því skyni væri t.d. eðlilegt að útbúinn væri sérstakur leiðbeiningarbæklingur/upplýsingabæklingur fyrir starfsmenn þar sem farið er í gegnum framkvæmdina og réttindi og skyldur annars vegar starfsmanns og hins vegar félagsins.

# Til hamingju með afmælið

65 ára þann 30.05.2001

Helgi V. Jónsson

KPMG Endurskoðun

55 ára þann 15.01.2001

Guðmundur R. Óskarsson

Endurskoðun og reikningshald

55 ára þann 28.06.2001

Guðmundur Friðrik Sigurðsson

KPMG Endurskoðun

60 ára þann 07.02.2001

Sigurþór K. Jóhannsson

Lundarbreyku 4

55 ára þann 05.02.2001

Kristleifur Indriðason

Endurskoðunarstofan hf.

50 ára þann 04.03.2001

Guðlaugur Guðmundsson

Deloitte & Touche

60 ára þann 06.06.2001

Guðmundur Sveinsson

Endurskoðun og uppgjör ehf.

55 ára þann 02.04.2001

Stefán Svavarsson

Háskóli Íslands

55 ára þann 08.01.2001

Hreggviður G. Þorsteinsson

Aðalendurskoðun

55 ára þann 08.06.2001

Gunnar Hjaltalín

Endurskoðun Gunnars Hjaltalín







# Hvar eru félagar í FLE?

Á aðalfundi FLE í október 2000 var birt samantekt Guðmundar Snorrasonar varaformanns FLE sem sýndi hvar félagar í FLE unnu. Þar kom m.a. fram að 57,1% af starfandi endurskoðendum starfa hjá þremur stærstu endurskoðunarstofunum. Ritnefnd þótti þetta svo forvitnilegar tölur að ákveðið var að athuga hvernig þróunin hefur verið undanfarin ár. Í þeim tilgangi var unnið úr útgefnum félagatölum frá 1993 og 1996 og skoðað hvar menn unnu þá.

Með stóru stofunum er átt við þær stofur sem eru fulltrúar stóru alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtækjanna. Aðrar stofur og einyrkjar eru flokkaðar saman. Ekki starfandi eru þeir sem vinna á öðrum vettvangi eða eru komnir á eftirlaun.

	1993	1996	2000
Stóru stofurnar (BIG)	66	72	104
Aðrir	113	107	78
Ekki starfandi	28	32	67
	207	211	249

Þótt félagsmönnum í FLE hafi fjölgað um 20% síðan 1993, eða í 249 úr 207 er ekki hægt að segja það sama um þá sem starfa við endurskoðun. Félagsmenn FLE sem störfuðu við endurskoðun voru 179 skv. félagatölum 1993 og 1996, en voru aðeins orðnir 182 árið 2000.





# Athyglisverð niðurstaða Yfirskattanefndar um tímamörk



Guðmundur Jónsson  
endurskoðandi

Þann 27. september s.l. kvað Yfirskattanefnd upp tvo úrskurði í málum tveggja umbjóðenda minna (úrskurðir nr. 404 og 405/2000). Niðurstöður nefndarinnar í málum þessum eru, að mínu mati, sérstaklega athyglisverðar hvað varðar túlkun á tímamörkum, sem skattyfirvöldum eru sett til að afgreiða mál og tel ég ástæðu til að fara nokkrum orðum um þær á þessum vettvangi, félagsmönnum og öðrum til fróðleiks. Um var að ræða tvo aðila, einkahlutafélagið H og einstaklinginn J og var J eigandi alls hlutfjár í H. Þann 25. mars 1996 óskaði Skattstjórinn í Reykjavík eftir að fá bókhaldsgögn H vegna rekstraráranna 1993 og 1994 til skoðunar og voru gögnin afhent 11. apríl 1996. Niðurstaða þessarar skoðunar varð m.a. sú, að skattstjóri taldi að J hefði reiknað sér óeðlilega lágt endurgjald fyrir selda þjónustu og þannig myndað óraunhæfan hagnað í félaginu, sem síðan gekk á móti yfirfæranlegu tapi félagsins. Um þetta atriði var síðan deilt á efnislegum forsendum sem lauk með því, að Yfirskattanefnd úrskurðaði J og H í óhag. Um þennan þátt málsins er í sjálfu sér ekkert að segja umfram þetta. Um tímsetningar í vinnslu málsins er hins vegar heimikið að segja sem nú skal skýrt nánar.

Sem fyrr sagði voru skattstjóra afhent bókhaldsgögnin 11. apríl 1996 og þann 6. janúar 1997 tilkynnti skattstjóri áform um endurákvörðun opinberra gjalda. Umbjóðandi minn mótmælti áformum skattstjóra með bréfi dags. 21. janúar 1997. Síðan tók við algjör þögn um málið og töldum við því, að fallið hefði verið frá

fyrrí áfomum en svo var aldeilis ekki því, eins og ekkert væri sjálfsgaðara, birtist úrskurður frá skattstjóra dags. 11. maí 1999 (þ.e. 28 mán. seinna) þar sem öllum kröfum umbjóðanda míns er hafnað og skattbreytingar framkvæmdar samhliða. H og J vísuðu málinu til Yfirskattanefndar með bréfi dags. 31. maí 1999, sem 5 dögum síðar sendi RSK málið til umsagnar svo sem vera ber. 5. nóvember 1999 þ.e. 5 mán. síðar (skv. 3. mgr. 6. gr. l. nr. 30/1992 um YSKN skal RSK svara innan 45 daga) lagði RSK fram kröfugerð sína. Í henni var þess krafist, „að úrskurður skattstjóra verði staðfestur með vísan til forsendna hans“ en síðar í kröfugerðinni kom reyndar líka fram, að „taka má undir það með kæranda að afgreiðsla málsins dróst nokkuð.“!!!!

Í millitíðinni, þ.e. 18. maí 2000, hafði umbjóðandi minn, til viðbótar áður sendum röksemdum, með bréfi til YSKN, vakið sérstaka athygli á 9. gr. stjórnáskilslutalaga nr. 37/1993 um málshraða en þar eru gerðar mjög ákveðnar kröfur um að stjórnvöld skuli ákvarða í málum svo fljótt sem unnt er og að þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því og að þá skuli upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Dragist afgreiðsla máls óhæfilega er heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til.

Sem fyrr segir var úrskurður YSKN kveðinn upp 27. september s.l. þar sem öllum kröfum H og J var hafnað að því undanskildu, að áður álögd viðurlög á J voru felld niður. Í úrskurði YSKN segir m.a.:

„Samkvæmt framansögðu liðu tæplega 28 mánuðir frá því að mótmæli kæranda, dags. 21. janúar 1997, með athugasemdum hans við boðunarbréf skattstjóra bárust embættinu þar til skattstjóri kvað upp úrskurð sinn um endurákvörðun. Ljóst er því að skattstjóri fór freklega fram úr þeim fresti sem honum er settur að lög-

um til að kveða upp úrskurð um endurákvörðun samkvæmt 5. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, um tsk. og esk., sbr. 16. gr. laga nr. 145/1995 um breyting á þeim lögum“. Síðar segir: „Með sérstöku tilliti til þess að hvorki verður talið að könnun gagnanna né málið hafi verið yfirgripsmikið og/eða tiltakanlega flókið verkefni verður að telja að þarna hafi orðið dráttur á meðferð málsins sem farið hafið í bága við almenna málshraðareglu 1. mgr. 9. gr. stjórnáskilslutalaga nr. 37/1993, enda hafa engar skýringar komið fram á þessum tölum af hálfu skattstjóra“. Enn síðar segir: „Til þess er að líta að almennt valda tafir á afgreiðslu mála ekki ógildi ákvörðunar þótt frá þeirri meginreglu geti verið undantekningar“. Síðan er vitnað í nokkra dóma Hæstaréttar þessu til stuðnings, m.a. frá 1948, 1949 og 1997 ofl. Síðan segir: „Með vísan til fyrrgreindrar meginreglu um áhrif tafa á afgreiðslu mála á gildi ákvörðunar og þess sem fram kemur í nefndum dómum verður ekki talið að ómerkja beri að neinu leyti hinar umdeildu breytingar skattstjóra þótt dráttur hafi orðið á afgreiðslu málsins og dregist fram yfir lögmæltan frest að kveða upp úrskurð um endurákvörðun“.

Löggjafinn hefur sett skýrar reglur um kæru- fresti oph. og eftir þeim verðum við endurskoðendur og aðrir að vinna. Sé slíkra formsatriða ekki gætt verður einfaldlega ekki kveðinn upp efnislegur úrskurður á grundvelli þess, sem fram er sett og maður fær mál „í hausinn aftur“ og verður að vinna hlutina á réttan hátt. Það er eindregin skoðun mín að í þessu máli hefði þetta eitt átt við hvað varðar vinnubrögð skattstofunnar.

Öll meðferð og niðurstaða skattyfirvalda á máli þessu er að mati undirritaðs með hreinum ólíkindum og ef niðurstöður þess eiga að gefa tóninn um, hvað skuli teljast eðlileg vinnubrögð í slíkum málum og hvað ekki, þá séu skattyfirvöld á miklum villigötum. Það er nærtækt að álykta sem svo, að skattyfirvöld megi taka gögn



til skoðunar, „gleyma“ þeim síðan niðri í skúffu í 2-3 ár, rekast þá á þau að nýju og halda áfram þar sem frá var horfið, eins og ekkert hafi í skorist. Það versta sem hent gæti væri að þurfa að þola allt að því góðlátlegar skammir frá Yfirskattanefnd fyrir vinnubrögð. Réttur þolandans er enginn, hvað sem öllum stjórnslu- og skattalögum líður. Hann skal bara bíða í sinni „spennitreyju“, sem í þessu tilviki náði yfir fjögur og hálf ár. Hann hefur vissulega velt því fyrir sér að fara með málið á æðra dómsstig með tilheyrandi viðbótarkostnaði en láti honum hver sem vill að hika við slíkt eftir það sem á undan er gengið.

Ég vil eindregið hvetja áhugasama til að kynna sér umrædda úrskurði því vitanlega eru hér að framan einungis dregin fram einstök atriði þeirra. Miklu skiptir, einkum í ljósi umræðu að undanfögnu um bætt samskipti endurskoðenda og skattýfirvalda, að leikreglur í málum sem þessum séu skýrar og þær virtar.

## Málþing

FLE og Félag viðskipta- og hagfræðinga hafa hafið samstarf um að halda málþing um viðskiptatengd málefni svo sem skatta- og fjármál, reikningshald og endurskoðun.

Endurskoðunarfyrirtækin KPMG Endurskoðun hf., Deloitte & Touche hf. og PriceWaterhouseCoopers ehf. munu ríða á vaðið með fyrstu þrjú málþingin á fyrri hluta árs 2001.

Áætlað er að fyrsta málþingið verði í lok janúar þar sem starfsmenn frá PWC munu fjalla um eiginfjárreikninga og í kjölfarið eru skipulagðar markvissar og faglegar umræður um málefnið.

Í mars mun KPMG fjalla um málefni er tengjast kaupréttum.

Þriðja málþingið mun D&T halda í maí, en umfjöllunarefnið verður kynnt síðar.

Málþingin verða auglýst nánar síðar, meðal annars með pósti til félagsmanna og á heimasíðum FLE og FVH auk ítarlegrar kynningar í Hag, tímariti FVH.

Vinnuhópur um málþing.

## Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 3. janúar 2001 kl. 12
- Skattadagur FLE, Salurinn-Tónlistarhús Kópavogs föstudagur 19. janúar 2001 kl. 13-17
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. febrúar 2001 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. mars 2001 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 4. apríl 2001 kl. 12
- Endurskoðendadagur FLE, Salurinn Tónlistarhús Kópavogs, föstudagur 27. apríl 2001 kl. 13-17
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 2. maí 2001 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 6. júní 2001 kl. 12
- Haustráðstefna FLE haldin í London, dagana 3.- 8. október 2001
- Haustráðstefna, aðalfundur FLE, Salurinn Tónlistarhúsi Kópavogs, fimmtudag og föstudag 8. og 9. nóvember 2001
- Árshóf FLE, Sunnusalur, Radisson SAS-Hótel Saga, 9. nóvember 2001

## Áhugaverðar heimasíður

**Alþingi Íslendinga.**

**Félag löggiltra endurskoðenda.**

**Ríkisskattstjóri**

**Yfirskattanefnd**

**FEE-Evrópusamband endurskoðenda**

**IFAC-Alþjóðasamtök endursk.**

**ISAC-Alþjóðl. reikningskilaráðið**

[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

[www.fle.is](http://www.fle.is)

[www.rsk.is](http://www.rsk.is)

[www.yskn.is](http://www.yskn.is)

[www.fee.be](http://www.fee.be)

[www.euro.fee.be](http://www.euro.fee.be)

[www.ifac.org](http://www.ifac.org)

[www.iasc.org.uk](http://www.iasc.org.uk)

*Gledileg jól og farsælt nýtt ár.*

Félag löggiltra endurskoðenda sendir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar óskir um gleðilega jólahátíð og gott og farsælt nýtt ár. Okkar bestu þakkir fyrir velvilja, gott samstarf og samverustundir á árinu sem er að líða.

Stjórn FLE • Ritnefnd FLE





